# Árni Stefánsson

Bjarni Benediktsson – Árni Stefánsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 8

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Reykjavík, 10/3. 1946.

Hr. borgarstjóri Bjarni Benediktsson.

Ég leyfi mér að senda yður hér umsókn mína um eina af íbúðunum, sem Reykjavíkurbær er að láta byggja og vona, að þér takið hana góðfúslega til athugunar.

Sigurður Kristjánsson alþingismaður talaði við yður fyrir stuttu síðan um þessa beiðni mína og sagði hann mér, að ég skyldi senda yður skriflega umsókn. Ég á lögheimili mína í Þingholtsstræti 31 hér í bænum, en þar er svo lítið húspláss, að ég verð að hafa konu mína og barn austur í Hveragerði, en það getur ekki orðið nema fyrst um sinn, og bý sjálfur á Stúdentagarðinum hér. Ég myndi óska eftir að fá tvö herbergi og eldhús. Sigurður Kristjánsson sagði mér, að það væri ekki ákveðið ennþá, hvort íbúðirnar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yrðu seldar eða fengjust leigðar. Það væri miklu hentugra fyrir mig að fá leigða íbúð sérstaklega á meðan ég er að ljúka námi mínu. En verði ekki hægt að fá **hana** leigða reyni ég áreiðanlega að kaupa hana.

Virðingarfyllst.

Árni Stefánsson
stud. juris
Gamla Stúdentagarðinum
Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur